

nefndasvid@althingi.is

00.71 Garðabær 1. október 2014

Nefndasvið Alþingis.

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum

Með tölvupósti þann 25. september s.l. sendi Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (fjölgun tilkynningarskyldra framkvæmda, EES-reglur), 53. mál . Málið var einnig lagt fram á síðasta þingi:

<http://www.althingi.is/altext/143/s/0813.html>

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis tók erindi til meðferðar á fundi sínum þann 29. september 2014.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„ Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gerir ekki efnislegar athugasemdir við framkomu frumvarps. Verið er að fela sveitarfélögum nýtt verkefni. Athygli er vakin á mjög þröngum tímaramma sem sveitarfélögum er ætlað að vinna eftir.”

Með mjög þröngum tímaramma sem sveitarfélögum er ætlað að vinna eftir er vísað til að ætlaðar eru tvær vikur (þrjár hið mesta) til að fjalla um þau erindi sem þeim berast. Ekki er lagst gegn því að afla álits úr nærumhverfi boðaðra framkvæmda. En við slíka löggjöf verður að líta til þess að sveitarfélög eru lýðræðisleg, fjölskipuð stjórnvöld sem lúta öðrum lögmálum en sérhæfðar stjórnsýslustofnanir ríkisins. Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt að vandað verði til allra ákvarðanatöku og að leiðbeiningar sem boðaðar eru skili sér sem fyrst til sveitarfélaga. Það er ekki hægt að taka undir að lögfesting frumvarpsins hafi óveruleg áhrif á útgjöld sveitarfélaga.

F.h. heilbrigðisnefndar

Guðmundur H. Einarsson
framkvæmdastjóri.

